

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

230. FUNDUR.

230. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 13. febrúar 2014 kl. 15:00 í fundarsal Ráðhússins.

Oddviti setti fund.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð byggðarráðs. Formaður kynnti.

Fundargerð 818. fundar frá 20. janúar sl. Fundargerð í 7 liðum Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð byggðarráðs. Elín R. Líndal kynnti.

Fundargerð 819. fundar frá 3. febrúar sl. Fundargerð í 7 liðum Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð byggðarráðs. Formaður kynnti.

Fundargerð 820. fundar frá 10. febrúar sl. Fundargerð í 5 liðum Fram lögð eftirfarandi tillaga við 2. lið fundargerðarinnar:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða tillögu starfshóps um mötuneytismál um að hafna frekari viðræðum við Hlöðuna ehf. um framleiðslu skólamáltíða fyrir Grunnskóla Húnaþings vestra og felur sveitarstjóra að veita umbeðinn rökstuðning.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum.

2. Fundargerð félagsmálaráðs. Oddviti kynnti.

Fundargerð 143. fundar frá 29. janúar sl. Fundargerð í 4 liðum Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

3. Fundargerð fræðsluráðs. Oddviti kynnti.

Fundargerð 146. fundar frá 5. febrúar sl. Fundargerð í 4 liðum. Eftirfarandi tillaga var lögð fram vegna 1. liðar fundargerðarinnar:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra óskar starfsfólki Leikskólans Ásgarðs til hamingju með tilnefningu til Orðsporsins, viðurkenningar sem veitt er á degi leikskólans þann 6. febrúar ár hvert þeim sem hafa unnið að áhugaverðu verkefni í þágu leikskóla og/eða leikskólabarna. Verkefnið „Leikur er barna yndi“ sem starfsmenn Leikskólans Ásgarðs hafa unnið og kynnt hefur víða vakið athygli og er það mat sveitarstjórnar að starfsfólk leikskólans sé vel að tilnefningunni komið.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Eftirfarandi tillaga var lögð fram vegna 2. liðar fundargerðarinnar:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fela fjölskyldusviði sveitarfélagsins að undirbúa framkvæmd á ítarlega útfærðri skoðanakönnun meðal foreldra barna á leikskólanum Ásgarði um fyrirkomulag trú- og siðfræðifræðslu á leikskólanum Ásgarði. Í kynningarefni könnunarinnar verði tekið tillit til ákvæða stjórnarskrár um trúfrelsi einstaklinga og viðeigandi laga þar um. Skoðanakönnunin verði ráðgefandi en ekki bindandi. Skoðanakönnunin verði lögð fyrir byggðarráð til umfjöllunar áður en hún verði lögð fyrir foreldra.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum.

4. Fundargerð skipulags- og umhverfisráðs. Oddviti kynnti.

Fundargerð 232. fundar frá 6. febrúar sl. Fundargerð í 5 liðum.

Borin undir atkvæði 1. liður fundargerðarinnar og samþykktur með 7 atkvæðum.

Borin undir atkvæði 2. liður fundargerðarinnar og samþykktur með 7 atkvæðum.

Eftirfarandi tillaga var lögð fram vegna 3. liðar fundargerðarinnar:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir, í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að undangengnum kynningarfundum fyrir íbúum sveitarfélagsins sem haldinn var þann 16. janúar sl., að kynna tillögu að Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026 ásamt umhverfisskýrslu fyrir sveitarstjórnnum aðliggjandi sveitarfélaga, umsagnaraðilum og senda hana til Skipulagsstofnunar til athugunar.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Borin undir atkvæði 4. liður fundargerðarinnar og samþykktur með 7 atkvæðum.

Borin undir atkvæði 5. liður fundargerðarinnar og samþykktur með 7 atkvæðum.

5. Fundargerðir ungmennaráðs. Oddviti kynnti.

Fundargerð 16. fundar frá 20. janúar sl. Fundargerð í 1 lið. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 17. fundar frá 3. febrúar sl. Fundargerð í 1 lið. Fram lögð eftirfarandi tillaga:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra lýsir ánægju sinni með störf og virkni ungmennaráðs sveitarfélagsins sem stofnað varð árið 2012 í samræmi við ákvæði æskulýðslaga. Sveitarstjórn hvetur ungmennaráðið til að vera, hér eftir sem hingað til, öflugur málsvari ungs fólks í sveitarfélaginu.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

6. Tillögur starfshóps um Brunavarnir Húnaþings vestra.

Lögð fram eftirfarandi greinargerð og tillögur starfshópsins:

Á fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra þann 7. nóvember sl. var samþykkt að skipa undirrituð í starfshóp er ætlað var að fara yfir og rýna niðurstöður og tillögur stjórnsýsluúttektar Haraldar L. Haraldssonar á Brunavörnum Húnaþings vestra. Starfshópnum var ætlað að skila tillögum sínum til sveitarstjórnar eigi síðar en 1. febrúar 2014. Starfshópurinn hélt tvo formlega fundi þann 27. nóvember og 10. febrúar sl. auk þess sem rætt var við sviðsstjóra og rekstrarstjóra framkvæmda- og umhverfisviðs og slökkviliðsstjóra.

Í stjórnsýsluúttekt Haraldar L. Haraldssonar beinir hann tillögum til sveitarstjórnar og setur fram hugleiðingar um breytt verklag vegna eftirfarandi atriða í skýrslu sinni um Brunavarnir Húnaþings vestra. Starfshópurinn hefur fjallað um tillögur Haraldar og hefur einstökum þeirra þegar verið komið í framkvæmd. Öðrum tillögum Haraldar, sem starfshópurinn hefur fjallað um, er hér með vísað til afgreiðslu sveitarstjórnar.

1. Tímasett verkáætlun.

Lagt er til í tillögu Haraldar að slökkviliðsstjóri geri tímasetta verkáætlun yfir þau verk sem þarf að vinna og henni verði fylgt eftir.

Á fundi starfshópsins þann 27. nóvember sl. var sviðsstjóra framkvæmda- og umhverfisviðs ásamt slökkviliðsstjóra falið að hefja þá þegar vinnu við gerð tímasettrar verkáætlunar fyrir slökkviliðsstjóra. Sviðsstjóri og slökkviliðsstjóri skiluðu tillögu sinni um tímasetta verkáætlun til sveitarstjóra þann 13. desember sl.

Sveitarstjóri tilkynnti sviðsstjóra að frá og með 1. janúar 2014 skyldi slökkviliðsstjóri vinna samkvæmt verkáætluninni og skyldi sviðsstjóri hafa reglulegt eftirlit með því að áætluninni væri fylgt. Starfshópurinn leggur til að unnið verði í samræmi við framangreinda ákvörðun.

Umrætt fyrirkomulag borið undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

2. Vinnutími slökkviliðsstjóra.

Lagt er til í tillögu Haraldar að skoðað verði hvort störf slökkviliðsstjóra yrðu markvissari ef hann ynni tvo heila og einn hálfan dag í viku hverri við brunavarnir í stað hálf dags alla virka daga vikunnar eins og nú er.

Á fundi starfshópsins þann 27. nóvember sl. var fjallað um tillögu Haraldar um vinnutíma slökkviliðsstjóra. Starfshópurinn fól sveitarstjóra að fara yfir það atriði með sviðsstjóra og rekstrarstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs. Tillaga þeirra til sveitarstjóra var að rétt væri að skipuleggja vinnutíma slökkviliðsstjóra með öðrum hætti en gert hafði verið og þá þannig að á tilteknum tímum væri slökkviliðsstjóri í fullu starfi við brunavarnir en á öðrum tímum í fullu starfi í áhaldahúsi.

Sveitarstjóri fól sviðsstjóra og rekstrarstjóra, í samráði við slökkviliðsstjóra, að koma á slíku fyrirkomulagi og hefur verið unnið eftir því frá 1. janúar sl. Starfshópurinn leggur til að unnið verði í samræmi við framangreinda ákvörðun.

Umrætt fyrirkomulag borið undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

3. Næsti yfirmaður slökkviliðsstjóra.

Lagt er til í tillögu Haraldar að skoðað verði hvort ekki sé æskilegt að sveitarstjóri sé næsti yfirmaður slökkviliðsstjóra.

Á fundum starfshópsins þann 27. nóvember og 10. febrúar sl. var fjallað um þessa tillögu Haraldar.

Starfshópurinn leggur til að núverandi skipan verði óbreytt meðan breytingar á skipuriti verða innleiddar og betri reynsla fáist á hið nýja fyrirkomulag.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

4. Reglulegir fundir.

Lagt er til í tillögu Haraldar að slökkviliðsstjóri eigi reglulega fundi, t.d. vikulega, með sínum næsta yfirmanni. yfirmaður slökkviliðsstjóra.

Starfshópurinn samþykkti á fundinum þann 27. nóvember sl. að slökkviliðsstjóri skuli eiga reglulega fundi með sínum næsta yfirmanni sem er sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs.

Sveitarstjóri tilkynnti sviðsstjóra um þessa ákvörðun og hefur fylgt því eftir að slíkir fundir séu haldnir a.m.k. mánaðarlega. Starfshópurinn leggur til að unnið verði í samræmi við framangreinda ákvörðun.

Umrætt fyrirkomulag borið undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

5. Bakvaktir.

Lagt er til í tillögu Haraldar að skoðað verði hvort til greina komi að hætt verði að greiða fyrir bakvaktir a.m.k. á virkum dögum.

Starfshópurinn fjallaði um þessa tillögu á fundum sínum þann 27. nóvember og 10. febrúar sl. Sveitarstjóri hafði í kjölfarið samband við slökkviliðsstjóra og greindi honum frá þeirri umræðu sem átt hefði sér stað og bar upp þá spurningu hvort slökkviliðsstjórar væru reiðubúnir til viðræðna um breytt fyrirkomulag og endurskoðun á greiðslum fyrir bakvaktir. Slökkviliðsstjórar voru reiðubúnir til þess út frá ákveðnum forsendum. Að öllum sjónarmiðum virtum er það niðurstaða starfshópsins að ekki sé rétt að hreyfa við því fyrirkomulagi núgildandi sammings.

Starfshópurinn leggur til með vísan til samkomulags um bakvaktir hjá Brunavörnum Húnaþings vestra frá árinu 2011, með gildistíma til og með 31. desember 2014, að við lok samningstímans verði fyrirkomulag og greiðslur fyrir bakvaktir teknar til gagngerar endurskoðunar m.a. með það að markmiði að draga úr kostnaði við rekstur Brunavarna Húnaþings vestra.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

6. Samþykki á tímaskýrslu.

Lagt er til í tillögu Haraldar að næsti yfirmaður slökkviliðsstjóra samþykki tímaskýrslur hans.

Starfshópurinn fjallaði um tillögu Haraldar á fundi sínum þann 27. nóvember sl. og samþykkti að fela sveitarstjóra að fara yfir það atriði með sviðsstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs og koma því í framkvæmt. Það hefur verið gert og er unnið eftir því fyrirkomulagi.

Sveitarstjóri tilkynnti sviðsstjóra um þessa ákvörðun og er hún komin til framkvæmda. Starfshópurinn leggur til að unnið verði í samræmi við framangreinda ákvörðun. Umrætt fyrirkomulag borið undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

7. Akstur slökkviliðsstjóra.

Lagt er til í tillögu Haraldar að bifreiðanot slökkviliðsstjóra verði sett í ákveðinn farveg.

Starfshópurinn fjallaði um tillögu Haraldar á fundum sínum þann 27. nóvember og 10. febrúar sl. Samkvæmt ráðningarsamningi fær slökkviliðsstjóri greitt fyrir fastan akstur innan sveitarfélags. Yfir vetrarmánuði hefur slökkviliðsstjóri haft bíl frá sveitarfélaginu til afnota. Á þeim tíma falla út greiðslur fyrir fastan akstur.

Starfshópurinn leggur til að sviðsstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs, í samráði við rekstrarstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs, verði falið að koma á föstu skipulagi um afnot slökkviliðsstjóra að bíl frá áhaldahúsi yfir vetrarmánuði í þágu sveitarfélagsins. Slökkviliðsstjóri fái greiddan fastan akstur fyrir afnot eigin bifreiðar yfir sumarmánuði.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

8. Vigtun á sorpi.

Lagt er til í tillögu Haraldar að kannað verði hvort ekki sé hægt að setja ákvæði inn í samning við verktaka um sorp, að öll vigtun á sorpi á hafnarvigt fari fram á dagvinnutíma og á virkum degi.

Starfshópurinn fjallaði um tillögu Haraldar á fundum sínum þann 27. nóvember og 10. febrúar sl. og var tillagan m.a. rædd við starfsmenn framkvæmda- og umhverfissviðs.

Sveitarstjóri hefur farið yfir þetta atriði með starfsmönnum framkvæmda- og umhverfissviðs. Viðeigandi lausn er fundin eftir viðræður við verktaka sorphirðu. Starfshópurinn leggur til að unnið verði í samræmi við framangreinda ákvörðun. Umrætt fyrirkomulag borið undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

9. Opnunartími hafnar.

Lagt er til í tillögu Haraldar að opnunartími hafnarinnar verði ákveðinn sérstaklega. Jafnframt ef þjónustukaupi þarf á þjónustu hafnarinnar að halda utan opnunartíma þurfi beiðni þar um að berast á opnunartíma hafnarinnar.

Starfshópurinn fjallaði um tillögu Haraldar á fundum sínum þann 27. nóvember og 10. febrúar sl. og var tillagan m.a. rædd við starfsmenn framkvæmda- og umhverfissviðs.

Starfshópurinn leggur til að starfsmenn framkvæmda- og umhverfissviðs leiti viðunandi lausnar m.a. með samráði við útgerðaraðila.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

10. Gjaldtaka.

Lagt er til í tillögu Haraldar að skoðað verði hvort til greina komi að innheimta frekari gjöld fyrir þjónustu Brunavarna Húnaþings vestra.

Starfshópurinn ræddi þetta atriði á fundum sínum þann 27. nóvember og 10. febrúar sl. og sveitarstjóri fór yfir það með slökkviliðsstjóra.

Starfshópurinn leggur til að sviðsstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs og slökkviliðsstjóra verði falið að vinna drög að gjaldskrá fyrir Brunavarnir Húnaþings vestra og leggja fyrir sveitarstjórn til samþykktar.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

11. Sturtur.

Lagt er til í tillögu Haraldar að gerðar verð ráðstafanir til þess að slökkviliðsmenn geti farið í sturtu í slökkvistöð.

Starfshópurinn ræddi þetta atriði á fundum sínum þann 27. nóvember og 10. febrúar sl. og sveitarstjóri fór yfir það með slökkviliðsstjóra.

Starfshópurinn leggur til að sviðsstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs verði falið að meta hvort unnt sé að koma fyrir sturtum í húsnæði slökkviliðsstöðvar og leggja fyrir sveitarstjórn við gerð fjárhagsáætlunar vegna ársins 2015.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

12. Áætlun til 10 ára um endurnýjun á bifreiðum.

Lagt er til í tillögu Haraldar að gerð verði áætlun til næstu 10 ára um endurnýjun á bifreiðum brunavarna Húnaþings vestra.

Starfshópurinn ræddi tillögu Haraldar á fundum sínum þann 27. nóvember og 10. febrúar sl. og var sammála tillögunni í öllum megin atriðum.

Starfshópurinn leggur til að tillögu Haraldar L. Haraldssonar um endurnýjun bifreiða verði fylgt og tillaga þar um verði sett fram í Brunavarnaráætlun Húnaþings vestra. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

13. Sameining slökkviliða.

Lagt er til í tillögu Haraldar að skoðað verði hvort til greina komi að sameina slökkvilið Húnaþings vestra við annað slökkvilið.

Starfshópurinn ræddi tillögu Haraldar á fundum sínum þann 27. nóvember og 10. febrúar sl.

Starfshópurinn leggur til að núverandi skipan verði óbreytt meðan breytingar á skipuriti verða innleiddar og betri reynsla fáiast á hið nýja fyrirkomulag. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Oddviti bar upp eftirfarandi tillögu:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fela sveitarstjóra, sviðsstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs og slökkviliðsstjóra að ljúka endurskoðun Brunavarnaráætlunar Húnaþings vestra, leita staðfestingar Mannvirkjastofnunar og leggja fyrir sveitarstjórn til staðfestingar.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

7. Tillaga starfshóps um mötuneytismál.

Í kjölfar kynningar formanns starfshóps um mötuneytismál, Stefáns Böðvarssonar, var eftirfarandi tillaga lögð fram:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að ganga til samninga við Gauksmýri ehf. um framleiðslu skólamáltíða fyrir Grunnskóla Húnaþings vestra frá og með haustinu 2014, sbr. tillögu starfshóps um mötuneytismál. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn Húnaþings vestra að fela starfshópi um mötuneytismál að leggja drög að samningi við Gauksmýri ehf. um framleiðslu skólamáltíða og rekstur matsölustaðar á Hvammstanga á heilsársgrundvelli fyrir sveitarstjórn til staðfestingar.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

8. Sóknaráætlun landshluta.

Oddviti bar upp eftirfarandi tillögu:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að færa áherslur verkefnis sveitarfélagsins í tengslum við sóknaráætlun landshluta frá því að gera ítarlega stöðugreiningu á samfélagslegum þáttum yfir í það að ráðast í gerð ítarlegs kynningarefnis fyrir sveitarfélagið í samráði við N4 – sjónvarpsstöð á Norðurlandi.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

9. Skýrsla sveitarstjóra.

Skúli Þórðarson sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu störfum sínum frá síðasta reglulega fundi sveitarstjórnar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 16:35

Leó Örn Þorleifsson.

Stefán Einar Böðvarsson.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Ragnar Smári Helgason..

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir.

Elín R. Líndal.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.